



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið Suðurgata
39 101 Reykjavík (354) 570
13 00 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Árborg
Ráðhúsinu - Austurvegi 2
800Selfoss

7. janúar 2026
MÍ202601-0020/ 6.09 / O.I.

Efni: Sveitarfélagið Árborg. Skátafélagið Fossbúar - Félags- og útivistarsvæði - Deiliskipulag, nr. 1336/2025

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag við mót Tryggvagötu og Norðurhóla á Selfossi. Er um að ræða 1.4 ha svæði sem ætlunin er að nýta sem útivistarsvæði fyrir bæjarbúa, auk þess sem ætlunin er að koma þar upp húsnæði sem hýsa á skátastarf í Árborg. Þá eru einnig áform um að koma fyrir svæði sem nýtast má skólabörnum yfir veturinn til leikja og fræðslu. Sökum mikilla anna hjá stofnuninni, þá reyndist ekki unnt að fjalla um málið innan tilskilins umsagnafrests, sem rann út 2. janúar síðastliðinn og er beðist velvirðingar á því.

Fyrirliggjandi er fornleifaskráning á svæðinu, frá árunum 2004-2005 og var hún unnin af Byggðasafni Árnesinga, vegna aðalskipulags. Eru engar fornleifar skráðar á umræddu svæði samkvæmt þeirri skráningu (sjá Edda Linn Rise o.fl. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1*. Byggðasafn Árnesinga 2008).

Á árunum 2008-2019, vann Fornleifastofnun Íslands ses svo að kortlagningu Miklavatsmýra-, Skeiða- og Flóaáveita, sem gerðar voru á árunum 1910-1918. Voru þá skráð þrjú áveitumannvirki á svæðinu sem hér er til umfjöllunar og var um að ræða aðfærsluskurð sem enn er sýnilegur og tvo flóðgarða sem eru horfnir (sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir. *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. í Flóa og á Skeiðum*. Fornleifastofnun Íslands ses 2020.).

Fyrirliggjandi skráning Byggðasafns Árnesinga, sem er ágætlega unnin, var gerð vegna Aðalskipulags og mundi hún því, undir venjulegum kringumstæðum, ekki standast núverandi kröfur um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags. Er hún auk þess komin nokkuð til ára sinna. Þrátt fyrir það er það mat Minjastofnunar að

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvæðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærnlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

ekki sé ástæða til að krefjast frekari skráningar á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Byggir það mat á fyrirliggjandi skráningu Byggðasafnsins, áðurnefndri kortlagningu Fornleifastofnunar á áveitumannvirkjunum og könnun gamalla loftmynda. Undirritaður kannaði jafnframt svæðið á vettvangi þann 5. janúar síðastliðinn og fundust engar minjar við þá könnun utan ummerkja um matjurtagarða bæjarbúa, en svæðið var nýtt undir slíka starfsemi á tímabili. Eru taldar hverfandi líkur á að áður óþekktar fornleifar sé að finna á svæðinu. Það er því niðurstaða Minjastofnunar að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við deiliskipulagið sem hér er til umfjöllunar.

Að lokum er þó rétt að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Sent: skipulag@arborg.is

